

Listnám sem heildstætt nám

Þróunarverkefni í list-og verkgreinum



Listamappan mín



Nafn: **Ingibjörg**

Bekkur: **6.G.H.3**

Hópur: **1**

Námstímabil: **Vorönn**

Kennarar: Birgitta Baldursdóttir og Freyja Rut Emilsdóttir

Nafn skóla: Vogaskóli

Nafn verkefnis: Listnám sem heildstætt nám

Nafn verkefnisstjóra: Birgitta Baldursdóttir og Freyja Rut Emilsdóttir

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að þróa og útbúa vinnuferilmöppu í listgreinum fyrir alla nemendur Vogaskóla. Vinnuferilmöppunni er ætlað að: ^{a)}auka ábyrgð nemenda á eigin námi, ^{b)}auka sjálfstæði þeirra og frumkvæði, ^{c)}aðstoða nemendur við að skipuleggja raunhæft vinnuferli sem þeir geta fylgt eftir, ^{d)}aðstoða nemendur við að öðlast heildarsýn frá hugmynd til fullunninnar lokaafurðar, ^{e)}hjálpa nemendum við að öðlast sýn á það hvað þau hafa lært og hvaða þekkingu þau búa yfir, ^{f)}stuðla að samfelli milli listgreinanna og ^{g)}aðstoða nemendur við að yfirfæra þekkingu milli listgreina.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Nemendur fengu möppu þar sem þeir söfnuðu saman öllum skissum og hugleiðingum, skrifuðu vinnudagbók með hverju verkefni; verklýsingar og sjálfsmat á vinnu. Kennsla var aukin í skipulagðri hugmyndavinnu, sýnileiki listgreina innan skólans var aukinn með því að sýna nemendaverk á bókasafni og í sameiginlegu rými, s.s. í matsal og á göngum skólans. Sýningar voru haldnar innan skólasamfélagsins á verkum nemenda á foreldradögum og á vorhátíð foreldrafélagsins.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlunin stóðst að flestu leyti. Heimildaöflun, lestur, heimsóknir í skóla, viðtöl við kennara, kannanir og önnur vinna í tengslum við verkefnið tók þónokkuð meiri tíma en áætlað var. Við teljum að tímaáætlunin hafi ekki verið raunhæf miðað við umfang verkefnisins og þess vegna hafi hún ekki staðist. Ekki náðist að gera allar þær kannanir og prófanir sem til stóð að gera en í staðinn fóru fram óformlegar kannanir og viðtöl.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Undirbúningur og hönnun möppunnar tók lengri tíma en áætlað var, því gafst ekki áætlaður tími fyrir prufukeyrslur og mat á verkefninu.

Helsti ávinningur af verkefninu, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Þetta verkefni var algjörlega nýtt af nálinni í list- og verkgreinum og kom það skammtilega á óvart hversu vel nemendur tóku þessum nýju vinnubrögðum. Með þessu nýja fyrirkomulagi gafst nemendum tækifæri til að öðlast mikilvæga heildarsýn yfir verk sín og þegar vinnubrögðin hafa verið fest í sessi er það okkar trú að það muni auka sjálfstraust nemenda auk þess sem það muni styrkja verkfærni þeirra og mynda þannig betri samfellu milli ára og milli listgreina. Hver nemandi hefur sína eigin verkferilmöppu og gaf það tækifæri til að einstaklingsmiða námið enn frekar ásamt því að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Lögð var óformleg könnun meðal starfsfólks sem sýndi mjög jákvæð viðhorf gagnvart verkefninu. Starfsfólk var ánægt með aukinn sýnileika list- og verkgreina og námsmatið í ferilmöppunni sjálfri vakti athygli. Það sama má segja um foreldra, fram kom í óformlegum viðtölum að þeir urðu varir við aukinn sýnileika list- og verkgreina, gerðu sér betur grein fyrir námsmati og námsmarkmiðum í list- og verkgreinu, kom fram almenn ánægja með það.

Ekki var unnt að taka viðtöl við nemendur vegna tímaskorts en skrifleg könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans í 6. og 7. bekk, bæði áður en verkefnið hófst og einnig í lok skólaársins eftir að hluti hópsins hafði prufukeyrt möppurnar.

Áætlað var að gera vettvangsathugun á sjálfstæði í vinnubrögðum og fjölbreytileika í kennslu en ekki gafst tími til þess. Þó skal tekið fram að skólinn lenti í allsherjar mati á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar og voru gerðar vettvangsathuganir í list- og verkgreinum af þeirra hálfu. Þessar athuganir komu mjög vel út fyrir list- og verkgreinar.

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Þróun vinnuferilmöppu samræmist stefnu skólans sem felst í ábyrgð, virðingu og samvinnu. Í Vogaskóla er lögð áhersla á að efla ábyrgð nemenda á eigin námi og það er einnig eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins. Námsmat hefur lengi verið í hávegum haft í Vogaskóla og fjölbreytileiki á því sviði er í fyrirrúmi, vinnuferilmappa er mikilvægur liður í námsmati í listgreinum þar sem leitast er við að meta ekki eingöngu vinnufærni og hegðun heldur einnig og ekki síður hugmyndavinnuna sem liggur á bakvið sköpun nemenda. Möppunni er ekki síður ætlað að auka virðingu fyrir list- og verkgreinum sem mikilvægu mótvægi við bóklegt nám þegar fram í sækir. Verkefnið hefur fyrst og fremst áhrif á nám og kennslu í list- og verkgreinum en einnig á skólabraginn og þannig skólastarfið í heild.

Niðurstöður verkefnisins

Vinnuferilmappan kemur til með að vera mikilvægur liður í námsmati í list- og verkgreinum í Vogaskóla. Sú heildarsýn sem nemendur hafa og munu öðlast við gerð möppunar á verk sín hefur skilað sér í sjálfstæðum vinnubrögðum og aukinni einstaklingsmiðun námsins.

Könnun sem gerð var bæði við upphaf verkefnisins og við lok þess sýndi að sjálfstraust nemenda hafði aukist í hönnun og smíði hvað varðar að bjarga sér sjálfur með áhöld og vélavinnu. Í textílmennt hafði sjálfstraustið staðið í stað enda með nánast fullt hús stiga í fyrri könnuninni. Varðandi líðan nemenda í hönnun og smíði hafði hún batnað og almenn starfsgleði aukist sem og traust til að leysa ýmis vandamál sem gætu komið upp. Í textílmennt hins vegar hafði líðanin versnað lítillega sem og starfsgleðin. Hvað varðar vandamál sem gætu komið upp hafði sjálfstraust nemenda aukist.

Gerðar voru vinnuferilmöppur fyrir tvo árganga skólans og stefnt er að því að allir nemendur skólans fái þess konar möppur. Ekki er stefnt að því að möppurnar verði nýttar í öðrum skólum en það stendur að sjálfsgöðu til boða vilji einhverjir skólar eða kennarar nýta sér þessa vinnu.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Upphaflega stóð til að kynna verkefnið fyrir öllum list- og verkgreinakennurum í skólanum næstkomandi skólaár (2011-2012) og halda þá áfram að þróa möppuna með tilliti til ólíkra þarfa námsgreinanna. En þar sem skólinn tók á nýliðnum vetri þátt í stóru þróunarverkefni á sviði námsmats (*Mál að meta*) með öllum skólum í hverfi 2 í Reykjavík var ákveðið að í stað þess að list- og verkgreinakennarar ynnu að báðum þróunarverkefnunum í einu var reynt að útvíkka *Listnám sem heildstætt nám* þannig að það félli vel að hinu. Vegna þessa hafa kennarar innan skólans fengið nokkuð góða kynningu á okkar verkefni, bæði í formi umræðu en einnig á formlegum kynningarfundum og aðrir list- og verkgreinakennarar veitt mikilvæga og dýrmæta endurgjöf.

Verkefnið var kynnt á stóru málþingi með öllum list- og verkgreinakennurum í hverfi 2 (telur alls 10 skóla), á starfsdegi á vordögum og vonir standa til að hægt verði að kynna niðurstöður verkefnisins á félagsfundum hjá félögum list- og verkgreinakennara (Texílkennarafélaginu, Félag íslenskra smíðakennara o.s.frv).

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Hér má sjá námsmatsformið sem unnið var:

Mat á frammi- stöðu	Virgni	Vandvirgni	Framkoma	Frumkvæði	Frágangur
20 stig	Kemur sér fljótt að verki og vinnur mjög vel	Er mjög vandvirkur	Framkoma til mikillar fyrirmyndar	Vinnur sjálfstætt	Umgengni og frágangur til fyrirmyndar
15 stig	Vinnur yfirleitt vel	Err yfirleitt vandvirkur	Framkoma yfirleitt góð	Leggur sig yfirleitt fram	Gengur yfirleitt vel um
10 stig	Þarf mikla hvatningu við vinnu	Mætti vanda sig betur	Þarf að bæta framkomu	Ósjálfstæður í vinnubrögðum og þarf oft leiðsögn	Þarf að bæta umgengni
5 stig	Vinnur lítið og hefur lítið úthald	Vandar ekki vinnubrögð	Truflar kennslustund með framkomu sinni	Vinnur ekki án leiðsagnar	Gengur illa um

Hér má sjá dæmi um markmiðslista sem unnir voru fyrir allar list- og verkgreinar og alla árganga:



Textílmennf

Í 6.bekk átt þú:

- að gera skissur af hugmynd sinni
- að þjálfast í markvissri hugmyndavinnu
- að læra að prjóna snúna lykkju
- að læra að skipta um lit í prjóni
- að læra einfalda úrtöku í prjóni
- að sauma óregluleg form á saumavél
- að nota skriflegar leiðbeiningar og handbækur
- að sýna fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- að sýna fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- að skreyta nytjahlut

Nú kann ég:

- að gera skissur af prjónaverkefni
- að prjóna snúnar lykkjur
- að prjóna úrtöku á húfu
- að sauma beinan saum og sikksakk í saumavél
- að bakka í saumavél



Hönnun og smíði

Í 6.bekk átt þú:

- að læra að rissa upp hugmyndir þínar með rissmynd/skissu
- að læra að nota lóðbolta og tin við einfaldar lóðningar
- að læra að nota skrufur, bor og borvél
- að læra að lesa einfaldar vinnuteikningar og reikna út efnisþörf
- að ná góðu valdi á að nota sagir, s.s. bakkasög í skerstockk, tífisög og handsög
- að læra að vinna með mismunandi smíðaeignum, s.s. plastefnum, áli og við
- að læra að vinna með rafmagn
- að læra að skilja hvers vegna endurvinnsla er mikilvæg og að nýta vel efnið sem þú vinnur með
- að læra að setja smíðakunnáttu þína í samband við daglegt líf
- hafi smíðað hlut eftir eigin hugmynd og teikningu sem tekur mið af ákveðnu hlutverki

Nú kann ég:

- að lóða
- að bora
- að skrufa
- að saga

Hér má sjá dæmi um eyðublað fyrir verklýsingar sem nemendur unnu fyrir hvert og eitt verkefni:



Verklýsing

Verkefni: _____ Efni: _____

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____

Hvada áhöld notaðir þú? _____

Mynd (annaðhvort ljósmynd eða teikning)

Hvað lærðir þú nýtt í þessu verkefni? _____


Hvernig gekk þér að vinna þetta verkefni? _____

Könnun var lögð fyrir nemendur 6.-7.bekkjjar, alls 49 nemendur. Spurt var um líðan, sjálfstraust og viðhorf gagnvart textílmennt og hönnun og smíði. Hér gefur að líta helstu niðurstöður könnunarinnar á myndrænu formi.


Að hausti til




Að vori til




Í textílmennit finnst mér...



Í textílmennit finnst mér...




Ef þú lendir í vandræðum með verkefni í hönnun og smíði, hversu vel treystir þú þér til að prófa þig áfram og reyna að leysa...




Ef þú lendir í vandræðum með verkefni í hönnun og smíði, hversu vel treystir þú þér til að prófa þig áfram og reyna að leysa...




Ef þú lendir í vandræðum með verkefni í textílmennit, hversu vel treystir þú þér til að prófa þig áfram og reyna að leysa...




Ef þú lendir í vandræðum með verkefni í textílmennit, hversu vel treystir þú þér til að prófa þig áfram og reyna að leysa...



Treystir þú þér til að vinna með öll áhöld og vélar sem þú þarft að nota í hönnun og smíði?



Treystir þú þér til að vinna með öll áhöld og vélar sem þú þarft að nota í hönnun og smíði?





Nánari greiningar úr könnuninni má finna í kaflanum *Niðurstöður verkefnisins*.

Dagsetning: 23.júní 2011

Freyja Rut Emilsdóttir
Undirskrift verkefnastjóra

Birgitta Baldursdóttir
Undirskrift verkefnastjóra

Jónína Ólöf Emilsdóttir
Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

